

Í þessu verkefni skoða nemendur þrjú listaverk og semja ævisögu út frá verkunum.

Semjum ævisögu!

Skólastig: Unglingastig grunnskóla.

Tímalengd: Um klukkustund.



Kynning Á 3. hæð Safnahússins er sýningarhluti sem fjallar um mannsævina og kallast Frá vöggu til grafar. Sýningarhlutinn skiptist í þrjú rými: 1. Æska – 2. Starfsævi – 3. Elli. Í heimsókninni munuð þið skoða þennan sýningarhluta sérstaklega. Nánari upplýsingar um sýninguna, valin verk í sýningarsalnum Frá vöggu til grafar ásamt hljóðleiðsögn fást hér:

www.safnahusid.is/vefleidsogn

Í aðalnámskrá grunnskóla segir „Með listum getur maðurinn tjáð og dýpkað tilfinningar sínar og öðlast skilning og reynslu sem ekki verður færð í orð. [...]“

Listsköpun opnar einstaklingum fjölbreyttar leiðir til að vinna með hugmyndir, varpa fram spurningum, endurspegla og túlka eigin reynslu og annarra. Þannig þroska nemendur hæfileika sinn og getu til að veða og meta gjörðir sínar og umhverfi með gagnrýnum hætti.“¹

Með verkefninu er rýnt í listaverk á skapandi og túlkandi hátt. Nemendur æfa sig í að lesa í persónur sem birtast á listaverkum, líðan þeirra og líf. Verkefnið felst í leik með listaverk sem leiðir nemendur áfram í túlkun sinni og lestri a listaverknum.

Undirbúningur fyrir heimsókn Áður en Safnahúsið er heimsótt skaltu láta nemendur teikna mynd af sjálfum sér á ólíkum aldri og velta fyrir sér spurningunum: Hvernig smábarn var ég? Hvernig verð ég þegar ég verð fullorðin(n)? Og hvernig verð ég þegar ég verð gömul/gamall? Tilgangurinn er að leiða hugann að því hvernig aldur og lífið er gert sýnilegt með myndum.

Kennari sækir verkefnablaðið www.safnahusid.is vef Safnahússins (www.safnahusid.is) undir Fræðsla - Skólaheimsóknir, prentar út fyrir nemendur (eitt á mann) og tekur með í heimsóknina.

Þegar í Safnahúsið er komið Hvar á að byrja? Í kjallara Safnahússins er fræðslurými með spjöldum til að festa verkefnablaðið á (í blárri hirslu). Starfsfólk Safnahússins lætur kennara fá blýanta og kassa með myndum sem nemendur nota til að vinna verkefnið.

Nemendum er skipt í hópa (4-5 nem. í hverjum hópi) til að vinna verkefnið. Hver nemandi fær verkefnablað, blýant og spjald. Áður en lagt er af stað upp á 3. hæð er verkefnið kynnt fyrir nemendum. Hver nemendahópur dregur þrjú myndaspjöld

(spjöldin eru númeruð og nemendur draga eitt af hverju númeri I-II-III). Á spjöldunum eru myndir af verkum sem eru á sýningunni.

Verkefnið Nemendur vinna verkefni sem felst í því að búa til ævisögu úr þremur verkum sem eru í sýningarhlutanum Frá vöggu til grafar á 3. hæð Safnahússins. Nemendur eiga að hjálpast að við að finna verkin sem myndirnar eru af og ræða sín á milli möguleg svör við spurningum verkefnisins. Hver nemandi skráir svör sín á sitt eigið verkefnablað.

- 1 Nemendur byrja á því að ganga inn í fyrsta rýmið (æska), finna verkið á spjaldi I og fylgja leiðbeiningunum á verkefnablaðinu.
- 2 Þegar allir eru búnir með fyrsta hlutann færið þið ykkur yfir í næsta rými (starfsævi), finnið verkið á spjaldi II og leysið næsta hluta verkefnisins.
- 3 Að lokum er farið í síðasta rýmið (elli), verkið á spjaldi III fundið og verkefnið klárað.

Athugið Haldið hópinn á meðan heimsókn stendur. Þá er átt við að allur hópurinn heimsækir eitt sýningarými í einu en inni í því rými ganga nemendur um að vild og vinna verkefnið. Hvetjið nemendur sem eru fljótir að leysa verkefnið til að ganga rólega um rýmið, sem þið eruð stödd í, og skoða verkin á meðan beðið er eftir að allir klári verkefnið. Hvetjið nemendur til að skoða verkin vel og spjalla um hvað þau sjá í verkinu. Hver nemandi skrifar hugsanir sínar á verkefnablað sitt. Þjálfað starfsfólk Safnahússins er á staðnum tilbúið til aðstoðar.

Ef tími gefst til Heimsækið Lestrarsal hússins á 2. hæð þar sem fjallað er um sjálfsmýndir. Skoðið verkin í skápunum, setjist svo niður við borðin og vinnið verkefni í teikningu.

Enn nægur tími? Í kjallara hússins eru leiðbeiningar um teikngátu, í hvítum kassa, til að vinna á krittartöflu sem tilvalið er að leika í lok heimsóknar.

Eftir heimsókn Þegar í skólann er komið er upplagt að láta nemendur teikna mynd af því verki sem þeim finnst eftirminnlegast og skrifa stutta lýsingu á heimsókninni. Á þann hátt verður upplifunin eftirminnlegri.

¹ Tilvitnun í námskrá er úr: Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti 2011 og greinasvið 2013. bls. 143-44. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/> (þann 27.3.15).